

Alþingi

Erindi nr. D 117 / 1584

komudagur 26/4 1994

23. apríl 1994.

Félagsmálaráðuneytið.

MINNISBLAÐ

Efni: Varnir gegn snjóflóðum.

Lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum voru sett árið 1985 og reglugerð um hættumót vegna snjóflóða 1988.

Strax eftir setningu laganna hófst vinna við undirbúning að gerð hættumata vegna snjóflóða en þau eru aðalforsenda fyrir snjóflóðavörnum. Gerð slíkra hættumata er vandasamt, flókið og tímafrekt verkefni. Nú er slíku hættumati lokið á eftirtöldum stöðum: Patreksfirði, Flateyri, Ísafirði (og Hnífsdal), Súðavík, Siglufirði, Seyðisfirði og Neskaupstað.

Tekjur Ofanflóðasjóðs hafa á undanförunum árum dugað til að greiða lögbundinn hlut hans vegna þeirra varnarvirkja gegn snjóflóðum sem ráðist hefur verið í. Nú er fyrrsjáanleg á þessu breyting. Eftir því sem hættumötum hefur fjölgað eykst krafan um framkvæmdir og ljóst er að mikið vantar á að Ofanflóðasjóður geti fjármagnað þær framkvæmdir sem sveitarfélög óska að ráðast í á næstunni á þessu sviði.

Komið hefur í ljós mörg þau sveitarfélög sem leggja þurfa mest í snjóflóðavarnir eru einmitt sömu sveitarfélögin sem mest fjármagn hafa lagt til atvinnumála. Athuga þarf því hvort ríkið ætti í einhverjum tilvikum að greiða allan kostnað við snjóflóðavarnir. Í því sambandi er bent á að ríkið leggur fram verulegt fjármagn beint til einstakra sveitarfélaga vegna byggingar sjóvarnargarða en leggur ekki fjármagn með sama hætti til ofanflóðavarna.

Með tilvísun til þessa er eðlilegt að athuga nú hvernig auka megi fjármagn til ofanflóðavarna. Í ljósi sterkra fjárhagsstöðu Viðlagasjóðs vaknar sú spurning hvort sjóðurinn gæti lagt eitthvert fjármagn til ofanflóðavarna án þess að til hækkunar iðgjalda kæmi.

Á Vestfjörðum hafa nýlega fallið snjóflóð á svæðum sem áður hafa ekki verið metin sem hættusvæði. Í framhaldi af því beinist sérstök athygli að gerð hættumata og rannsóknum í tengslum við þau.

Lögin hafa nú verið í gildi um nær 9 ára skeið. Þau voru algert nýmæli á sínum tíma þannig að eðlileg verður að telja að þau verði nú yfirfarin í ljósi fenginnar reynslu.

Eftirfarandi tillaga var samþykkt í ríkisstjórninni:

"Með vísun til snjóflóðanna á Vestfjörðum samþykkir ríkisstjórnin að skipuð verði nefnd sem yfirfari lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 28/1985.

Nefndin meti reynsluna af framkvæmd laganna og beini sérstaklega athygli að gerð hættumata, forvörnum og rannsóknum og hvernig auka megi fjármagn til ofanflóðavarna.

Félagsmálaráðherra annist framkvæmd málsins."